

Efni athugasemda sem bárust á athugasemdartíma við drögum að matsskýrslu og hvernig tekið var á þeim í matsskýrslu.

Stofnun/einstaklingar	Meginefni athugasemda og ábendinga	Hvar tekið á athugasemdum og ábendingum
Byggðastofnun	Nauðsynlegt að meta áhrif á byggðaþróun í landinu.	Kafli 14.10
Hollustuvernd ríkisins	Vantar upplýsingar um tíðni risa í núverandi álveri. Þarf að fjalla um aftöðu þynningarsvæðis til vatnsöflunar- og vatnsverndarsvæða. Vantar upplýsingar um aukna notkun gass og olíu vegna stækkunar álversins. Setja þynningarsvæði inn á myndir sem sýna loftdreifingu. Lagfæra vegi á myndum svo þeir falli að núverandi vegakerfi. Hollustuvernd telur að ekki skuli stunda landbúnað eða aðrar nýttjar á tünnum innan þynningarsvæðis.	Kafli 2.3.1 Kafli 12.3.5, mynd 12.7 Kafli 6.3.11 Kafli 12 Á myndum í matsskýrslu. Kafli 12.3.5
Steinunn Geirdal, Eyrarkoti, Kjós	Annan lit á byggingar álversins til að minnka sjónræn áhrif og minnka ljósmengun frá því.	Kafli 15.1
Sól í Hvalfirði	Endurtekin er sú krafa að það komi fram í matsskýrslunni hvaðan orkan á koma sem standa á undir stækkuninni. Ítrekuð er sú krafa að starfsleyfi stækkaðrar verksmiðju liggi fyrir á sama tíma og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum stækkunarinnar. Ítrekar að endurtaka þurfi mælingar sem fram fóru á dýralífi á svæðinu, bæði sjó, í fjöru og á landi á árunum 1978-79. Minnt er á mikilvægi þess að veðurgagna sé aflað með reglubundnum hætti á iðnaðarsvæðinu. Ítrekuð sú skoðun að það sé í allra þágu að hafa sem best yfirlit yfir loftgæði í Hvalfirði öllum. Því verði að gera þá kröfu að mælistöðvar sé víðar í firðinum, sunnan hans og innar í firðinum, og þær séu allar reknar á hverju ári. Önnur efni sem gætu borist frá flæðigryfjum. Samanburður á vothreinsun og þurrhreinsun. Betri lýsing á þessu efni. Koma þarft skýrt fram að landbúnað verði ekki hægt að stunda á nokkrum jörðum í sveitinni ef af stækkun verður. Fleiri möguleikar á förgun kerbrota.	Kafli 6.3.12 Drög að endurskoðuðu starfsleyfi Norðuráls fylgir matsskýrslu. Kafli 5.6.2 Kaflar 3.1 og 5.4.4 Kafli 13.10.3 Kafli 13.8 Kafli 12.3.5 Kafli 13.9.3
Veðurstofa Íslands	Rétt sé að gera kröfu um vothreinsun til viðbótar við þurrhreinsun fyrir risaálver með allt að 300.000 tonna álframleiðslu á ári. Skortur á samfelldum vindmælingum og betri stöðugleikamælingum. Í starfsleyfi stóriðjufyrirtækja s.s. Norðuráls, Ísals og Reyðaráls eigi að setja ákvæði um rekstur og eftirlit sjálfvirkra veðurstöðva og varðveislun athugananna. Varðandi útreikninga Vatnaskila í: <i>Dreifingarspá fyrir stækkun álvers bls. 9 tafla 5 Hraðastuðull</i> , þá finnst Veðurstofunni að hraðastuðlarnir séu talsvert of háir og væri gagnlegt að sjá tilvísun um hvar þetta er fengið.	Kaflar 13.7 og 13.8 Tengist starfsleyfisgerð. Kafli 12.2